

Nr. 154.

326

13. júní 1973.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum.

1. gr.

Frá og með 16. júní 1973 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi fyrir Vestfjörðum á svæði, sem takmarkast að vestan af línu réttvísandi 340° frá punkti $66^\circ 57'$ n.br. og $23^\circ 36'$ v.lg. og að austan af línu réttvísandi 0° frá punkti $67^\circ 01'$ n.br. og $22^\circ 24'$ v.lg. Að sunnan er dregin lína milli hinna greindu punkta og að norðan takmarkast svæðið af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81/1972.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972), lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81/1952, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1973.

Lúðvík Jóseppson.

Jón L. Arnalds.